



***Eftirlaunasjóður***

***Ársreikningur 2014***

*Eftirlaunasjóður FÍA  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík*

*Kennitala: 650376-0809*

## EFNISYFIRLIT

---

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2
Áritun óháðs endurskoðanda.....	3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7-13
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	14
Fjárfestingarstefna Eftirlaunasjóðs FÍA 2015 - Útdráttur.....	15

# SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

## Meginstarfsemi sjóðsins

Eftirlaunasjóður FÍA starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum.

## Starfsemin á árinu

Alls greiddu að meðaltali 572 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls 1.142 milljónum kr. og hækkuðu um 7,4% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 732 milljónum kr. og lækkuðu um 2,4% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 181 á árinu og í árslok 2014 áttu 916 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknarir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 8,91 milljónum kr. á árinu 2014.

Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 5,33% en var 9,56% árið 2013 en engu að síður góð niðurstaða borið saman við 3,5% viðmið skuldbindinga. Hafa ber í huga að erlendar eignir sjóðsins eru einungis 7,82% af heildareignum sjóðsins en erlend hlutabréf var á eignaflokkur sem gaf hæstaávöxtun á árinu. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu heildarskuldbindingar sjóðsins 38.500 milljónum kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 38.971 milljónum kr. eða 1,2% hærri fjárhæð en skuldbindingarnar.

Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í innlánum, skuldabréfum með ábyrgð ríkisins og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

## Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam 25.400 milljónum kr. í árslok 2014 og hefur hækkað á árinu úr 23.472 milljónum kr. eða um 1.928 milljónir kr.

## Fjárhagsleg áhættustjórnun

Eftirlaunasjóður FÍA hefur gert samning við Arion banka hf. og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka hf. Arion banki hf. leitast við að annastávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eftirlaunasjóðs FÍA staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík, 22. apríl 2015

## Í stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA



Sturla Ómarsson



Geirprúður Alfreðsdóttir



Kristín Björg Eysteinsdóttir



Kristján Egilsson

Bogi Nils Bogason



## Framkvæmdastjóri



Jón L. Árnason

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði FÍA

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eftirlaunasjóðs FÍA fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2014, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 22. apríl 2015

PricewaterhouseCoopers ehf.



Kristinn Kristinsson

Löggiltur endurskoðandi

## YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		274.791	247.300
Iðgjöld launagreiðenda .....		856.823	807.979
Framlag ríkis til jöfnunar á örorkubyrði .....		10.376	8.473
		<u>1.141.990</u>	<u>1.063.752</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	723.285	742.574
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		8.974	7.779
		<u>732.259</u>	<u>750.353</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>	4		
Tekjur af eignarhlutum .....		229.819	678.767
Vaxtatekjur og gengismunur .....		1.359.850	2.107.969
Breytingar á niðurfærslu .....		(1.836)	66.638
		<u>1.587.833</u>	<u>2.853.374</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	12	36.373	33.852
Vaxtagjöld .....		25	18
Önnur fjárfestingargjöld .....		9.351	8.942
		<u>45.749</u>	<u>42.812</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	12	23.801	24.590
		<u>23.801</u>	<u>24.590</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		1.928.014	3.099.371
Hrein eign frá fyrra ári .....		23.472.107	20.372.736
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u>25.400.121</u>	<u>23.472.107</u>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>	5-11		
Húseignir og lóðir .....		14.942	15.247
Verðbréf með breytilegum tekjum .....		8.582.206	7.685.260
Verðbréf með föstum tekjum .....		12.014.514	10.928.496
Veðlán .....		2.153.435	2.262.825
Bankainnstæður .....		1.681.561	1.663.897
Aðrar fjárfestingar .....		17.771	0
		<u>24.464.429</u>	<u>22.555.725</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		126.616	120.512
Aðrar kröfur .....		6.263	31.855
		<u>132.879</u>	<u>152.367</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....		829.012	795.567
		<u>829.012</u>	<u>795.567</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>25.426.320</u>	<u>23.503.659</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skuldir .....		26.199	31.552
		<u>26.199</u>	<u>31.552</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>26.199</u>	<u>31.552</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u>25.400.121</u>	<u>23.472.107</u>

## YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Inngreiðslur</b>			
Löggjöld .....		1.157.120	1.068.846
Fjárfestingartekjur .....		218.014	243.397
Afborganir verðbréfa .....		1.029.067	970.330
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....		1.655.365	4.578.752
Seld verðbréf með föstum tekjum .....		73.315	1.073.627
Seld veðlán .....		100.604	139.781
		<u>4.233.485</u>	<u>8.074.733</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....		732.157	750.426
Fjárfestingargjöld .....		3.511	3.349
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....		66.805	60.438
		<u>802.473</u>	<u>814.213</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....		<u>3.431.012</u>	<u>7.260.520</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Keypt verðbréf með breytilegum tekjum .....		1.870.818	2.818.438
Keypt verðbréf með föstum tekjum .....		1.366.798	3.799.077
Ný veðlán og útlán .....		142.286	77.679
Bundin innlán, breyting .....		17.665	58.672
		<u>3.397.567</u>	<u>6.753.866</u>
Hækkun á sjóði og veltiinnlánnum .....		33.445	506.654
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....		795.567	288.913
Sjóður og veltiinnlán í árslok .....		<u>829.012</u>	<u>795.567</u>

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

### 1.2 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á sjóðinn.

### 1.3 Fjárfestingartekjur

Vaxtatekjur eru af verðbréfum með fastar tekjur, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

### 1.4 Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegar tekjur og verðbréf með fastar tekjur.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2014.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem færð eru til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra. Veðlán eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftarreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Reiknuð er almenn niðurfærsla þar sem sérstök áhætta hefur verið metin.

Bankainnstæður á meðal fjárfestinga eru almennt bundnar til lengri tíma en 3ja mánaða. Hluti af bankainnstæðum eru innlán sem eru bundin í skemmri tíma, en sjóðurinn horfir á þessa bankainnstæðu sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í árslok 2014. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati lífeyrissjóðsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

### 1.5 Kröfur á launagreiðendur

Kröfur eru færðar á nafnverði.

### 1.6 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.



# SKÝRINGAR

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Arion banka hf., samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Arion banki hf. annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

### 2.2 Gengisáhætta

Sjóðurinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og hefur fjárfest í erlendum verðbréfasjóðum þar sem hrein eign þeirra er bundin áhættu. Samkvæmt lögum um gjaldeyrishöft er lífeyrissjóðnum óheimilt að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína með notkun afleiða. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2014, 1.912 milljónum kr. og ber sjóðurinn því gjaldeyrisáhættu sem þeirri fjárhæð nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum munu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 191 milljón kr.

## 3. Lífeyrir

### Greiddur lífeyrir greinist þannig:

	2014	2013
Ellilífeyrir .....	548.411	571.103
Örorkulífeyrir .....	100.179	84.052
Makalífeyrir .....	68.081	67.841
Barnalífeyrir .....	16.933	15.668
	733.604	738.664
Uppgjör samkvæmt örorkusamkomulagi lífeyrissjóða .....	(10.319)	3.910
	723.285	742.574

## 4. Fjárfestingartekjur

### Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:

Arður af innlendum hlutabréfum .....	99.078	58.251
Arður af erlendum hlutabréfum .....	194	0
Gangvirðisbreyting af hlutabréfum .....	126.391	620.516
Gengisbreyting af hlutabréfum .....	4.156	0
	229.819	678.767

### Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnstæðum .....	55.101	71.775
Gengismunur .....	(9.079)	3.689
Vaxtatekjur og gengismunur verðbréfa .....	1.307.619	2.025.651
Dráttarvextir .....	6.209	6.853
	1.359.850	2.107.969

### Breyting á niðurfærslu greinist þannig:

Niðurfærsla 1.1 .....	(123.869)	(190.508)
Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu .....	0	0
Breyting á niðurfærslu .....	(1.836)	66.638
Niðurfærsla 31.12 .....	(125.706)	(123.869)

## SKÝRINGAR

### 5. Húseignir og lóðir

#### Húseignir og lóðir:

##### Árslok 2013

	Fasteignir
Bókfært verð í ársbyrjun .....	15.558
Afskriftir .....	(311)
Bókfært verð í árslok .....	<u>15.247</u>

##### Bókfært verð í árslok 2013 greinist þannig:

Kostnaðarverð .....	18.009
Uppsafnaðar afskriftir .....	(2.762)
Bókfært verð í árslok .....	<u>15.247</u>

##### Árslok 2014

Bókfært verð í ársbyrjun .....	15.247
Afskriftir .....	(305)
Bókfært verð í árslok .....	<u>14.942</u>

##### Bókfært verð í árslok 2014 greinist þannig:

Kostnaðarverð .....	18.009
Uppsafnaðar afskriftir .....	(3.067)
Bókfært verð í árslok .....	<u>14.942</u>

Fasteignir sjóðsins í árslok 2014 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Hlíðasmári 8 .....	12.510	16.970	14.942

### 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

#### Hlutabréf:

	<u>2014</u>	<u>2013</u>
<b>Skráð félög:</b>		
Marel hf. ....	60.813	58.610
Icelandair Group hf. ....	475.137	404.088
Hagar hf. ....	108.496	266.718
Reginn hf. ....	51.381	318.547
Össur hf. ....	240.737	152.711
Vátryggingafélag Íslands hf. ....	262.835	228
Sjóvá Almennar tryggingar hf. ....	113.283	0
	<u>1.312.680</u>	<u>1.200.902</u>

6. Verðbréf með breytilegum tekjum, frh.

	2014	2013
<b>Óskráð félög:</b>		
Framtakssjóður Íslands slhf. ....	169.293	248.691
Jarðvarmi slhf. ....	204.531	202.328
SRE II slhf. ....	161.967	112.795
MP-Banki hf. ....	25.800	30.000
FAST-1 slhf. ....	13.503	13.503
Stoðir ehf. ....	12.663	12.663
Kjölfesta slhf. ....	26.995	18.572
Skipti hf. ....	59.946	72.566
IEI slhf. ....	52.198	17.388
Horn II slhf. ....	77.919	10.534
Edda slhf. ....	20.610	1.440
Reitir fasteignafélag hf. ....	187.522	0
Hampiðjan hf. ....	111.192	0
SF V slhf. ....	82.620	0
HSV eignarhaldsfélag slhf. ....	74.000	0
SÍA II slhf. ....	72.453	0
SF VI slhf. ....	60.315	0
Veðskuld II slhf. ....	44.642	0
Önnur óskráð félög. ....	1.326	206
	<u>1.459.494</u>	<u>740.687</u>
Eignarhlutar í innlendum félögum. ....	2.772.174	1.941.589
<b>Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum:</b>		
<b>Hlutabréfasjóðir:</b>		
Stefnir ÍS 15. ....	2.237.634	1.907.591
Landsbanki Global Equity Fund. ....	108.618	97.262
Landsbréf - LEQ verðbréfasjóður. ....	66.684	0
	<u>2.412.936</u>	<u>2.004.853</u>
<b>Skuldabréfasjóðir:</b>		
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð. ....	0	694.734
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur. ....	400.726	390.128
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur. ....	214.317	207.935
Fyrirtækjabréf L.Í., óskráð. ....	9.504	51.438
	<u>624.547</u>	<u>1.344.235</u>
<b>Óhefðbundnar fjárfestingar:</b>		
Stefnir IS-5. ....	1.039.940	859.121
Landsbanki Mezzanine Fund II. ....	26.308	136.153
Landsbanki Private Equity II. ....	93.665	118.347
Stefnir Lausafjársgjóður. ....	113.111	120.199
Stefnir Íslenski Athafnasjóðurinn. ....	3.837	31.240
Landsbanki Currency Fund. ....	18	18
ALDA Equity Opportunity Fund. ....	50.664	0
	<u>1.327.543</u>	<u>1.265.077</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum. ....	4.365.026	4.614.165

## SKÝRINGAR

### 6. Verðbréf með breytilegum tekjum, frh.

Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum:	2014	2013
Kaupthing Manager Selection - Global Equity .....	1.062.080	858.945
KF Global Value .....	86.126	68.799
Wellington Global Equity Research A .....	72.666	0
iShares MSCI World Ucits ETF .....	46.942	0
JP Morgan F Liq. Funds - USD Treasury Liq. Fund .....	107.746	84.180
JP Morgan Fleming EUR Liquidity Fund .....	69.446	103.888
JP Morgan Fleming USD Liquidity Fund .....	0	13.694
	<u>1.445.006</u>	<u>1.129.506</u>
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum .....	1.445.006	1.129.506
Verðbréf með breytilegum tekjum alls .....	<u>8.582.206</u>	<u>7.685.260</u>

### 7. Verðbréf með föstum tekjum

Innlend skuldabréf:		
Íbúðabréf .....	7.593.464	7.198.237
Ríkisbréf .....	1.354.612	1.087.791
Skuldabréf sveitarfélaga .....	246.428	260.247
Skuldabréf lánastofnana .....	514.103	568.940
Skuldabréf fyrirtækja .....	2.300.874	1.805.815
Stofnlánadeild Landbúnaðarins .....	5.032	7.466
	<u>12.014.514</u>	<u>10.928.496</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls .....	<u>12.014.514</u>	<u>10.928.496</u>

### 8. Veðlán

Veðlán greinast þannig:		
Skuldabréf sjóðfélaga .....	2.093.655	2.179.122
Önnur veðlán .....	122.974	145.060
Niðurfærsla veðskuldabréfa .....	(63.194)	(61.357)
	<u>2.153.435</u>	<u>2.262.825</u>

### 9. Bankainnstæður

Peningamarkaðsinnlán Íslandsbanka .....	1.681.561	1.663.897
	<u>1.681.561</u>	<u>1.663.897</u>

## SKÝRINGAR

### 10. Aðrar fjárfestingar

	2014	2013
Fasteign í Hafnarfirði .....	17.771	0
	<u>17.771</u>	<u>0</u>
Fullnustueignir sjóðsins í árslok 2014 voru eftirtaldar:		
Fasteign í Hafnarfirði .....	17.550	18.850
		17.771

### 11. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig niður á gjaldmiðla:		
ISK .....	22.551.941	20.841.464
USD .....	574.862	412.882
EUR .....	1.311.317	1.149.979
GBP .....	26.308	136.153
	<u>24.464.429</u>	<u>22.540.478</u>
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:		
Eignir í íslenskum krónum .....	92,18%	92,46%
Eignir í erlendum gjaldmiðli .....	7,82%	7,54%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

### 12. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun og launatengd gjöld .....	10.044	10.123
Tryggingafræðileg úttekt .....	2.061	2.399
Endurskoðun .....	2.053	2.608
Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara .....	4.194	4.199
Húsnæðiskostnaður .....	510	512
Umsýsluþóknun til Arion banka hf. ....	36.471	33.292
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	4.841	5.308
	<u>60.174</u>	<u>58.442</u>

Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

Sturla Ómarsson, stjórnarformaður .....	2.718	2.578
Kristján Egilsson .....	2.039	2.039
Geirþrúður Alfreðsdóttir .....	2.039	1.189
Þ. Haukur Reynisson .....	0	1.019
Bogi Nils Bogason .....	734	734
Kristín Björg Eysteinsdóttir .....	734	428
Þorvaldur Þorsteinsson .....	297	283
Hlynur Elísson .....	0	275
Magnús Br. Jóhannsson .....	82	143
Úlfar Henningsson .....	102	122
Linda Gunnarsdóttir .....	102	102
Guðlaugur Ingi Sigurðsson .....	61	41
	<u>8.907</u>	<u>8.954</u>

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins nam 2,1 milljón kr. Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af innri endurskoðun Arion banka hf., þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Arion banka hf. samkvæmt samningi.

## 13. Tryggingafræðileg úttekt

Í apríl 2015 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðast við árslok 2014. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina, voru þær að endurmetin hrein eign sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda næmu 577,6 milljónum kr. umfram heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við árslok 2014. Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2014 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Samtals 2014	Samtals 2013
<b>Eignir:</b>				
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	25.400.121	0	25.400.121	23.472.107
Núvirði verðbréfa .....	78.362	0	78.362	164.481
Fjárfestingarkostnaður .....	(853.151)	0	(853.151)	(794.020)
Núvirði framtíðariðgjalda .....	0	14.345.266	14.345.266	13.447.323
Eignir samtals .....	24.625.331	14.345.266	38.970.597	36.289.891
<b>Skuldbindingar:</b>				
Ellilífeyrir .....	18.009.238	10.874.679	28.883.916	27.051.886
Örorkulífeyrir .....	1.292.572	990.294	2.282.866	2.135.929
Makalífeyrir .....	3.987.729	1.920.123	5.907.852	5.478.969
Barnalífeyrir .....	246.340	620.534	866.874	709.024
Rekstrarkostnaður .....	251.293	306.974	558.267	576.774
Skuldbindingar samtals .....	23.787.172	14.712.603	38.499.775	35.952.582
<b>Eignir umfram skuldbindingar .....</b>	<b>838.160</b>	<b>(367.337)</b>	<b>470.822</b>	<b>337.309</b>
<b>Eignir í hlutfalli af skuldbindingum .....</b>	<b>3,5%</b>	<b>(2,5%)</b>	<b>1,2%</b>	<b>0,9%</b>

## 14. Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhattu lífeyrissjóða. Krafa sjóðsins vegna þessa er kr. 6.185 þús. kr. í árslok 2014 og er hún tilkomin vegna árána 2013 og 2014.

	2014
Örorkubótasamkomulag vegna 2014 .....	10.219
Örorkubótasamkomulag vegna 2013 .....	(4.077)
Örorkubótasamkomulag vegna 2012 - óinnheimt að hluta .....	43
	<b>6.185</b>

## 15. Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	2014	2013
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok .....	1.885.506	1.551.217
Heildarfjárfestingar .....	(1.318.908)	(916.621)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum .....	<b>566.598</b>	<b>634.596</b>



## KENNITÖLUR

### Fimm ára yfirlit

	2014	2013	2012	2011	2010
<b>Ávöxtun</b>					
Hrein raunávöxtun.....	5,33%	9,56%	5,42%	2,37%	4,68%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðustu 5 ár.....	5,45%	4,56%	(3,34%)	(4,06%)	(2,89%)
síðustu 10 ár.....	1,46%	1,52%	1,58%	0,66%	0,79%

### Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	11,55%	10,34%	13,62%	14,20%	13,55%
Skráð verðbréf með föstum tekjum.....	46,66%	47,61%	37,99%	41,29%	39,11%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	23,54%	23,76%	25,66%	7,77%	6,54%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum.....	2,48%	0,87%	2,42%	0,87%	1,11%
Veðlán.....	8,82%	10,04%	12,26%	14,55%	15,55%
Bankainnstæður, bundnar.....	6,88%	7,38%	8,05%	21,32%	24,14%
Aðrar fjárfestingar.....	0,07%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

### Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	92,18%	92,46%	93,32%	93,00%	91,90%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	7,82%	7,54%	6,68%	7,00%	8,10%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

### Fjöldi

Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga .....	572	576	585	562	565
Fjöldi lífeyrisþega .....	181	172	163	157	143

### Hlutfallsleg skipting lífeyris:

Ellilífeyrir.....	74,76%	77,32%	78,74%	77,01%	80,83%
Örorkulífeyrir.....	13,66%	11,38%	9,12%	10,62%	8,55%
Makalífeyrir.....	9,28%	9,18%	10,03%	9,64%	8,96%
Barnalífeyrir.....	2,30%	2,12%	2,11%	2,73%	1,66%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

### Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt

Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	1,22%	0,94%	(6,92%)	(10,16%)	(7,60%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	3,52%	2,50%	(10,62%)	(16,10%)	(12,50%)

# FJÁRFESTINGARSTEFNA EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA 2015 - ÚTDRÁTTUR

## FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að móta skuli fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Samkvæmt 37. gr. laganna skulu lífeyrissjóðir senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Eignir Eftirlaunasjóðs FÍA skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum, samþykktum Eftirlaunasjóðs FÍA og samkvæmt reglugerð Fjármálaráðuneytisins.

## FJÁRFESTINGARSTEFNA EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA

Skipting verðbréfaeignar Eftirlaunasjóðs FÍA skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 2 og 3.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins.

FLOKKAR VERÐBRÉFA	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5%	0-20%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	42%	30-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3%	0-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	2%	0-10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	10%	0-30%
Hlutabréf	25%	0-40%
Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	5%	0-10%
Önnur verðbréf	8%	0-30%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0-1%
<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	

Tafla 1. Flokkar verðbréfa.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
<b>Hlutabréf</b>	<b>25%</b>	<b>0-40%</b>
Skráð innlend hlutabréf	15%	0-25%
Óskráð innlend hlutabréf	5%	0-10%
Erlend hlutabréf	5%	0-20%

Tafla 2. Hlutabréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
<b>Önnur verðbréf</b>	<b>8%</b>	<b>0-30%</b>
Skuldabréf fyrirtækja	4%	0-15%
Erlend skuldabréf	2%	0-10%
Annað	2%	0-15%

Tafla 3. Önnur verðbréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.